

## GJALDSKRÁ

### fyrir Lögbirtingablað.

#### 1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, eru gjöld fyrir auglýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir auglýsingar í eftirtöldum flokkum sem sendar eru inn í gegnum almennt auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðast 2 kr. fyrir stafabil, hvert slag:

Áskorun	Kaupmáli
Auglýsing/tilkynning frá ráðuneyti	Laus störf, stöður, embætti o.fl.
Auglýsing/tilkynning varðandi fjármálastarfsemi	Mat á umhverfisáhrifum
Dómsbirting	Nauðasamningar
Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.	Skipulagsauglýsing
Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala	Starfsleyfi
Félagsslit	Stefna
Framhald uppboðs	Svipting fjárræðis
Fyrirkall	Umferðarauglýsingar
Greiðsluáskorun	Vátryggingafélagaskrá /
Happdrætti	vátryggingamiðlaraskrá
Húsbréf	Veðhafafundur
Innkallanir (aðrar en þrotabúa og dánarbúa)	Ýmsar auglýsingar og tilkynningar

2. Fyrir eftirtaldar auglýsingar greiðist sem hér segir:

Aukatilkynning hlutafélagaskrár	1.000 kr. fyrir hverja tilkynningu
Búfjármarkaskráning	500 kr. fyrir auglýsingu
Firmaskráning	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Hlutafélagaskráning	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Innköllun dánarbús	1.000 kr. fyrir hvert bú
Innköllun þrotabús	1.000 kr. fyrir hvert bú
Nauðungarsala	1.000 kr. fyrir hverja eign
Skiptafundur dánarbús	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Skiptafundur þrotabús	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Skiptalok dánarbús	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Skiptalok þrotabús	1.000 kr. fyrir auglýsingu

3. Annað:

Undanþegin gjaldskyldu eru skiptalok í búum þar sem innkallanir hafa verið birtar fyrir 1. júlí 2005.

Einungis er greitt fyrir 1. birtingu auglýsinga sem skylt er skv. lögum að birta oftar.

Heimilt er að innheimta allt að tvöfalt verð auglýsingar vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu.

Heimilt er að innheimta álag þótt auglýsing hafi verið afturkölluð.

Gjald vegna fylgiskjals sem birtist með auglýsingu er kr. 5.000.

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, er gjald fyrir áskrift að Lögbirtingablaði sem hér segir:

1. Áskrift að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs er kr. 55.000 fyrir árið.
2. Verð einstakra blaða er kr. 550.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem kemur í stað gjaldskrár nr. 690 frá 18. júlí 2005, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júní 2007.*

**Björn Bjarnason.**

Ragna Árnadóttir.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2007